

Alþingi
Erindi nr. P 132/380
komudagur 2.12.2005



Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins

Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 1. desember 2005

Efni: Frumvarp til laga um starfsmannaleigur

Ýmis aðildarfyrirtæki Samtaka iðnaðarins hafa skipt við starfsmannaleigur á undanförunum árum einkum fyrirtæki í byggingariðnaði enda hefur skort mjög menntaða iðnaðarmenn í lykilstörf hér heima. Ljóst er að þær aðstæður verða áfram uppi a.m.k. á tímabilum.

Starfsmannaleigur eru ekki nýtt fyrirbæri á evrópskum vinnumarkaði, raunar aldagamalt. Á síðustu árum hefur þríhliða samband starfsmannaleigu, starfsmanns og notendafyrirtækis orðið ofaná sem form þessarar samninga. Veikleikar þessa forms hafa komið fram hér á landi á síðustu misserum þar sem starfsmannaleigur hafa hlaupist undan ábyrgð sinni, m.a. á skattgreiðslum starfsmanna sinna. Íslensk skattayfirvöld hafa kveðið upp úr um að notendafyrirtæki verði gerð ábyrg og í ljósi þessa gáfu Samtök iðnaðarins út viðvörun til aðildarfyrirtækja sinna í nóvember 2005. Þar eru þau vöruð við því að skipta við starfsmannaleigur vegna þessa skattalega umhverfis og bent á að öruggara sé að ráða starfsmenn beint. Frumvarpið sem fyrir liggur tekur ekkert á skattamáium.

Frumvarpið fjallar fyrst og fremst um tilkynningaskyldu og eftirlit með starfsmannaleigum. Það er niðurstaða víðtækrar umræðu með þátttöku aðila vinnumarkaðarins og ber þess merki að vera málamiðlun.

Það er mörgum íslenskum fyrirtækjum verulegt hagsmunamál að geta skipt við traust fyrirtæki á þessu sviði. Athygli skal vakin á því að íslensk fyrirtæki leita fyrst og fremst eftir faglærðu starfsfólki á tilteknum sviðum. Hvatinn er ekki að hafa minni kostnað af starfsmannahaldi heldur að mæta þörf fyrir séræft starfsfólk. Aðildarfyrirtæki Samtaka iðnaðarins leggja áherslu á vinnuvernd og hafa engan áhuga á að takmarka húsbóndavald eða húsbóndaábyrgð gagnvart tilteknu starfsfólki.

Íslensk fyrirtæki eru þátttakendur á innri markaði Evrópu og hafa starfsemi víða. Starfsmannaleigur veita mikilvæga þjónustu á þeim markaði sem íslensk fyrirtæki vilja nýta en læra jafnframt að vara sig á ótraustum aðilum. Um starfsmannaleigur hefur skapast talsverð umræða í iðnaði á Íslandi. SI og aðildarfyrirtækin munu halda áfram að byggja upp þekkingu á þessari þjónustu, kostum og göllum og hvað beri að varast.

Við bendum á að orðalag 1. gr. getur torvelað vinnuskipti milli verktakafyrirtækja eins og þau hafa tíðkast um árábil, ef yfirvöld kjósa að túlka ákvæðið svo. Huga þarf að breytingu á orðalaginu og/eða viðbótarummælum í greinargerð sem heimilar hefðbundin starfsmannaskipti.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Kristrún Heimisdóttir
lögfræðingur